

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 19. október 1999

um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna

(tilkynnt með númeri C(1999) 3358)

(Texti sem varðar EES)

(1999/716/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 3. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í kjölfar margvíslegrar starfsemi á vettvangi bandalagsins, m.a. í formi rannsókna og námskeiða, er nauðsynlegt að endurskoða uppbyggingu Animo-netkerfisins til þess að unnt sé að innleiða dýraheilbrigðiskerfi sem samþættir margskonar tölvubúnað.
- 2) Breyta ber ákvörðun 92/486/EBE frá 25. september 1992 um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 98/222/EB <sup>(4)</sup>, til að tryggja samfelldni í Animo-netkerfinu.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 92/486/EBE er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 2. gr. a:

„4. Fyrir tímabilið frá 1. apríl 1999 til 31. mars 2000 skulu samræmingaryfirvöldin, sem kveðið er á um í 1. gr., sjá til þess að samningarnir, sem um getur í þeirri grein, séu framlengdir um eitt ár.

Eftirfarandi gjald gildi að því er þessa málsgrein varðar:

386 evrur á einingu (móðureining, staðareining, skoðunarstöð á landamærum) fyrir allar Animo-einingar sem taldar eru upp í ákvörðun 96/295/EB, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 98/167/EB (\*).

(\*) Stjttíð. EB L 62, 3.3.1998, bls. 33.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. apríl 1999.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. október 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB L 291, 7.10.1992, bls. 20.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB L 82, 19.3.1998, bls. 50.